

Sp.

50. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum.

Flm.: Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason,
Halldór Blöndal, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða reglur, sem gilda um snjóruðning af vegum, með það í huga að bæta vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum, auka öryggi sjúkraflutninga, auðvelda flutninga barna í skóla, auk mann- og vöruflutninga í þessum byggðarlögum. Ríkisstjórninni er falið að kanna hagkvæmni þess að afla nýtiskulegra og öflugra tækja, sem tíðkast í öðrum löndum, til þess að koma þessari stefnu í framkvæmd.

Greinargerð.

Reglur þær, sem nú gilda um snjóruðning vega, hafa gilt nær óbreyttar í áratug. Þær eru fyrst og fremst miðaðar við fólks- og vöruflutninga milli byggðarlaga á ákveðnum vikudögum. Þeim þörfum er þó séð fyrir á svo ófullnægjandi hátt, að t. d. er einungis áætlað að ryðja snjó af vegum milli Akureyrar og Húsavíkur, Sauðárkróks og Siglufjarðar einu sinni í viku og frá Húsavík austur til Raufarhafnar aðra hverja viku. Þá eru til vegir milli þéttbýlla byggðarlaga, sem kveðið er svo á um í reglunum, að ryðja eigi „ekki oftar en einu sinni í mánuði“.

Alkunna er, að miklar breytingar hafa orðið á þjóðfélagsháttum s. l. áratug. Nú er ekki um að ræða, að héraðslæknar sitji í gömlu læknishéruðum landsins, heldur er nú gert ráð fyrir að sjá fyrir heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni frá heilsugæslustöðvum, sem þjóna eiga miklu stærri svæðum en læknishéruðin. Í þessu sambandi er auk heldur rétt að vekja sérstaka athygli á því, að heilsugæslustöðvarnar þurfa oft á tíðum að senda sjúklinga, sem orðið hafa fyrir slysum eða fá bráðasjúkdóma, til vel búinna sjúkrahúsa, og þarf auðvitað að hafa þetta ríkt í huga við endurskoðun snjómokstursreglna, þar sem samgöngur eru ótryggar vegna snjóá. Þá hafa risið skólar, sem mörg sveitarfélög standa að, og er nemendum þeirra margra ekið daglega úr og í skóla um nokkurn veg innan héraðs. Að því er og stefnt, bæði af uppeldislegum og fjárhagslegum ástæðum, að aka börnum í og úr skóla í strjálbýlinu fremur en byggja dýra heimavistarskóla.

Framangreindar breytingar þjóðfélagshátta krefjast þess augljóslega, að Alp. og ríkisstjórn beiti sér fyrir, að endurskoðaðar séu úreltar reglur um snjóruðning vega, til þess að tryggja samgöngur í þeim héruðum landsins, sem húa við samgönguerfiðleika sökum snjóá. Að því er að sjálfsögðu stefnt sem meginreglu að gera vegi þessara byggðarlaga þannig úr garði, að þeir verji sig snjóalögum. En hitt er jafnljóst, að víða er svo háttað í strjálbýlinu, að ekki verður komist hjá því vegna legu landsins og staðhátta að tryggja landssamgöngur með snjóruðningi, ef nútímamannlíf á að þróast í viðkomandi byggðarlögum.

Oft heyrast raddir um, að útgjöldum til snjómoksturs vegna sé nær algjörlega kastað á glæ. Hér er um reginmisskilning að ræða að dómi flm. Tryggar samgöngur á landi, þannig að menn geti hvenær sem er gengið inn í bifreið og ekið til áfangastaðar, eru lífæðar nútímasamfélags. Slíkar samgöngur skapa miklu nánari innbyrðis tengsl innan byggðarlags heldur en land-, flug- eða sjósamgöngur, sem unnt er að nota á ákveðnum vikudögum. Tryggar daglegar landsamgöngur hafa í för með sér meiri og nánari viðskiptatengsl, félags- og menningarleg samskipti en slitróttar samgöngur á landi, sjó eða í lofti. Viða er svo háttáð, að til þess að tryggja landsamgöngur og gera þær eins öruggar og unnt er, þarf að ryðja snjó af vegum yfir veturinn. Bætt skipulag og ef til vill aukin útgjöld vegna snjóruðnings eru því hvorki meira né minna en frumskilyrði nútímanannlífs og byggðar á stórum svæðum landsins.

Í tillögunni er ríkisstjórninni falið að afla öflugra og nýtiskulegra tækja til þess að koma stefnu þeirri í framkvæmd, sem felst í tillögunni. Hér er m. a. átt við snjóblásara. Notkun þeirra tækja hefur þegar rutt sér til rúms hér á landi á allra síðustu árum og mun góð reynsla af þeim. Afköstin eru miklu meiri en með öðrum snjóruðningstækjum og kostir þeirra eru verulegir fram yfir önnur snjóruðningstæki. Ruðningar skapast ekki á vegbrún, en slíkir ruðningar valda því, að mun meiri snjór sest á viðkomandi veg í skafrenningi. Þeir snjóblásarar, sem þegar hafa verið reyndir hér á landi, eru þó alltof fáir og flestir þeirra bundnir við að ryðja snjó af vegum á mestu þéttbýlissvæðum landsins. Miklu öflugri snjóblásturstæki munu nú á markaðnum en hafa verið reynd hér á landi, og sýnist einsýnt að kanna kosti þeirra við hérlendar aðstæður. Vitaskuld kosta þessi tæki og rekstur þeirra verulega fjármuni, en snjóruðningur með núverandi aðferðum er einnig dýr, auk þess sem bættar og tryggar landsamgöngur færa í aðra hönd beinar peningatekjur, félagslegar framfarir, aukin byggðajafnvægi og réttlátari aðstöðu allra íslenskra þjóðfélagsþegna.

Fylgiskjal.

Á meðfylgjandi korti eru sýndar núgildandi reglur um snjómokstur aðalvegakerfis landsins skv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins. Á öðrum vegum, t. d. í sveitum, gilda þær reglur, að Vegasjóður kostar snjóruðning tvisvar á ári að fullu, þ. e. a. s. fyrsta mokstur að hausti og síðasta mokstur að vori. Ef snjó er rutt af viðkomandi vegum yfir veturinn, er reglan sú, að Vegasjóður greiðir helming, en viðkomandi sveitarfélag (ásamt mjólkurframleiðendum sums staðar) greiðir helming á móti. Sveitarfélögin hafa þó engin úrslitaáhrif á það, hvenær viðkomandi vegir eru ruddir.

